

Ræða Arnars Sigurmundssonar formanns stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða á aðalfundi 14. maí 2009

Árið 2008 var eitt erfiðasta ár í starfsemi íslenskra lífeyrissjóða frá upphafi. Hrun þriggja stóru viðskiptabankanna í október á síðasta ári og afleiðingar þess á starfsemi fjölmargra fyrirtækja kemur sífellt betur í ljós. Það líður varla sá dagur að fyrirtæki séu ekki yfirtekin af lánastofnunum eða fari í þrot. Sama breyting hefur orðið hjá öllum meginþorra fólks, með falli á gengi krónunnar, stórauðun verðbólgu, margföldun atvinnuleysis og mikilli hækkun skulda. Á sama tíma gerist það að þegar lánin hækka þá lækka fasteignir umtalsvert í verði og gildir það jafnt um íbúðir- og atvinnuhúsnæði. Þetta eru stórum dráttum afleiðingar af hruni fjármálakerfisins á stöðu fólks og fyrirtækja.

Aðdragandinn að bankahrununni hér á landi var ekki langur. Nokkrar óveðursblikur höfðu verið á lofti á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum um nokkurt skeið og mátti sjá afleiðingar þeirra í slakri ávöxtun lífeyrissjóðanna á árinu 2007. Á sama hátt var ljóst fram eftir árinu 2008 að afkoma lífeyrissjóðanna yrði áfram slök, þar sem innlend og erlend hlutabréf í eigu sjóðanna héldu áfram að lækka. Gengi krónunnar hafði lækkað umtalsvert í mars 2008, en steininn tók úr í aðdraganda bankahrunsins og þegar Landsbankinn, Glitnir og Kaupþing banki voru yfirteknir af Fjármálaeftirlitinu í byrjun október s.l.

Það er bein tengsl á milli falls viðskiptabankanna og hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu sem nú skekur heimsbyggðina. Engu að síður hafa afleiðingarnar orðið mun alvarlegri fyrir okkar fámenna þjóðfélag, en meðal milljónaþjóða sem nú glíma við vandann. Fylgifiskur þessa alvarlega ástands er stórauðun verðbólga, margföldun atvinnuleysis og mikil skuldaaukning hjá fólki og fyrirtækjum.

Meðalraunávöxun lífeyrisjóðanna var neikvæð um rúm 20% árið 2008.

Landssamtök lífeyrissjóða áætla að raunávöxtun lífeyrissjóðanna hafi verið neikvæð um 21,5% að meðaltali á árinu 2008, en verðbólga á sama tímabili var 16,4%. eru þetta gríðarleg umskipti frá síðustu árum. Ef tímabilið frá 1991 er skoðað nánar kemur í ljós að lakasta meðalávöxtun lífeyrissjóðanna var -3,0% raunávöxtun árið 2002. Ef aftur á móti meðal raunávöxtun lífeyrissjóðanna undanfarnin fimm ár er skoðuð (2004-2008) þá er hún jákvæð um 1,7% og síðustu tíu ár (1999-2008) er meðalraunávöxtun lífeyrissjóðanna jákvæð um 2,5%. Frá upphafi reglulegrar mælinga árið 1991 mælist hins vegar meðalraunávöxtunin 3,7% og hélst þetta há þrátt fyrir að raunávöxtun hafi verið neikvæð um rúm 20% í fyrra.

Niðurstaða síðasta árs hefur það í för með sér að nokkrir lífeyrissjóðir þurfa að skerða réttindi sjóðfélaga og lífeyrissgreiðslur frá miðju þessu ári. Í flestum tilvikum höfðu þessir sömu sjóðir hækkað réttindi og lífeyrissgreiðslur til sjóðfélaga umfram þróun verðbólgu sem nemur þessari prósentu eða meira á undanförunum árum. Það vill gleymast í umræðu um væntanlegar skerðingar að áunnin réttindi og greiðslur til sjóðfélaga breytast mánaðarlega takt við breytingar á vísitölu neysluverðs. Má nefna að frá hruni bankanna í byrjun október sl. og fram til dagsins í dag hafa lífeyrissgreiðslur sjóðanna til hvers og eins hækkað um 6,5%.

Miklar lækkanir á öllum helstu fjármálamörkuðum.

Bein afleiðing af hruni á innlendum fjármálamarkaði síðasta haust og áhrifin sem því fylgdi í kjölfarið var að úrvalsvísitala Kauphallarinnar féll um 94,5%. Starfsemi Kauphallarinnar á Íslandi er því ekki nema svipur hjá sjón frá því sem var og óljóst með framhaldið.

Helstu hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum lækkuðu mikið á liðnu ári. Bandaríska S&P500 hlutabréfavístan lækkaði um rúm 38% í dollurum og Heimsvísitala Morgan Stanley lækkaði um 41%, en hún er helsti mælikvarði á breytingar á hlutabréfamörkuðum í heiminum. Áhrifin af þessum lækkunum koma ekki fram með sama hætti hér á landi vegna 45% lækkunar á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á síðasta ári. Erlendar eignir sjóðanna hafa sem hlutfall heildareigna sveiflast frá 20%-30% undanfarin sex ár.

Þrátt mikla eignarýrnun lífeyrissjóðanna af völdum falls bankanna og lækkandi eignaverði þeirra á síðasta ári, þá áætla Seðlabanki Íslands, byggt á efnahagsyfirliti lífeyrissjóðanna, að heildareignir sjóðanna hafi einungis rýrnað um 3% á árinu. Heildareignir lífeyrissjóðanna í lok síðasta árs eru áætlaðar 1.644 milljarðar en voru 1.697 milljarðar í árslok 2007. Þessar tölur gefa ekki raunsanna mynd af eignarýrnun sjóðanna vegna mikillar innleन्द्रar verðbólgu.

Eignarýrnun lífeyrissjóðanna á síðasta ári kemur skýrt fram í rúmlega 20% neikvæðri raunávöxtun þeirra á árinu og má ætla að það hlutfall gefi glögga mynd að stöðu sjóðanna í árslok 2008. Ljóst er að lækkun á eignum erlendra lífeyrissjóða er í mörgum tilvikum meiri en hér á landi. Samkvæmt fréttabréfi frá OECD, sem kom út í desember s.l., höfðu eignir aðildarlandanna lækkað um 20% frá árslokum 2007 til októberloka á síðasta ári.

Því miður gefur árið 2009 ekki tilefni til bjartsýni hvað varðar ávöxtun lífeyrissjóða hvorki hér á landi né annarstaðar. Fjármálakreppan hefur teygt anga sína víða um heim og viðbúið að við séum ekki enn kominn á botninn. Þó skulum við vona að íslensk samfélag sem varð einna fyrst fyrir barðinu á fjármálakreppunni verði með fyrri skipunum að komast burt frá henni.

Miklar breytingar á fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna í kjölfar fjármálakreppunnar.

Fjármálakreppan hefur leitt til mikilla breytinga á fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna. Mikil aukning hefur orðið í bankainnistæðum, skuldabréfum með ríkisábyrgð og sjóðfélagalánum. Aftur á móti hafa heildareignir sjóðanna í innlendum hlutabréfum rýrnað um 90%, að mestum hluta vegna falls bankanna. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna umreiknað í íslenskar krónur voru aftur á móti mjög svipaðar í ársbyrjun og árslok 2008.

Þegar Landssamtök lífeyrissjóða héldu aðalfund sinn 15. maí í fyrra voru nokkrar blikur á lofti í efnahags- og peningamálum. Engum gat þó komið til hugar að innan við fimm mánuðum síðar væru þrjár stóru viðskiptabankarnir allir fallnir og nokkur önnur stór fyrirtæki að fara á hliðina í kjölfarið. Starfsemi Landsamtaka lífeyrissjóðanna hefur allt frá yfirtöku ríkisins á Glitnis-banka í lok september s.l. markast að verulegu leyti að því sem þá gerðist og því sem fylgdi í kjölfarið. Gríðarleg vinna hefur farið fram á vettvangi LL með lífeyrissjóðunum, sem miðar að því að gæta hagsmuna sjóðanna í því umróti sem fylgdi falli bankanna og fleiri fyrirtækja, sem sjóðirnir höfðu átt viðskipti við vegna hlutafjár og/eða skuldabréfasviðskipta.

Viðræður við stjórnvöld í aðdraganda bankahrunsins og staða gjaldmiðlavarnasamninga.

Stjórnvöld óskuðu eftir aðkomu lífeyrissjóðanna við upphaf bankakreppunnar og fóru fram fundir forystusveitar lífeyrissjóðanna með nokkrum ráðherrum í Ráðherrabústaðnum föstudaginn

3. október og laugardaginn 4. október sl. Erindi stjórnvalda var að óska eftir því að sjóðirnir flyttu heim um 50% af erlendum eignum sínum að verðmæti á þáverandi gengi um 250 milljarðar króna. Bodað var til mjög fjölmenns fundar á vegum LL fyrir á laugardeginum áður en haldið var á fund ríkisstjórnar nýjan leik. Sjóðirnir tóku vel í þessa málaleitan stjórnvalda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum í ályktun. Ekki reyndi þó á þennan velvilja lífeyrissjóðanna þegar í ljós kom að morgni mánudagsins 6. október sl. að vandi fjármálafyrirtækjanna var mun meiri en reiknað hafði verið með. Eftirleikinn þekkja allir- neyðarlög voru sett að kvöldi 6. október og viðskiptabankarnir þrír voru allir komnir á hliðina á næstu 2-3 sólarhringum.

Eitt mál öðrum fremur hefur tekið mikinn tíma í samskiptum LL og lífeyrissjóðanna við stjórnvöld, Fjármálaeftirlitið og skilanefndir gömlu bankana. Flestir lífeyrissjóðirnir höfðu um nokkurt árabil verið með gjaldmiðlavarnarsamninga við bankana. Þessir samningar hafa þann tilgang að draga úr sveiflum á erlendum eignum sjóðanna og var hægt að framlengja þá eftir þörfum í viðkomandi banka. Þegar bankarnir fóru á hliðina voru þessir samningar hjá um 15 lífeyrissjóðum komnir í neikvæða stöðu samtals að fjárhæð tæplega 70 milljarðar króna vegna falls krónunnar í aðdraganda bankahrunsins. Þegar viðskiptabönkunum var skipt upp í lok október sl. voru þessir samningar ásamt fjölmörgum öðrum eignum og skuldum þeirra skildir eftir í gömlu bönkunum.

Gömlu bankarnir höfðu ekki burði til þess að þjónusta þessa samninga á síðustu starfsdögum sínum, hvað þá eftir að þeir komu komnir á hliðina. Upphaflega var áformað að færa gjaldeyrisvarnasamninganna í nýju bankana, en ekki var lagt í þá aðgerð, m.a. vegna gjaldeyris-skorts. Raunar var Fjármálaeftirlitið búið að gefa út reglugerð um að þannig skyldi málum háttað með Landsbankann, en tilkynningin var fljótlega dregin til baka.

Á sama tíma áttu lífeyrissjóðirnir miklar fjárhæðir í bankaskuldabréfum sem námu samtals um 100 milljörðum króna sem voru einnig skilin eftir í gömlu bönkunum. Viðræður hafa staðið um úrlausn þessara mála með hléum allt frá miðjum október í fyrra, en án þess að tekist hafi að finna ásættanlega lausn. Unnin hafa verið sérfræðiálit og skýrslur vegna málsins á vegum LL, einstakra lífeyrissjóða og skilanefnda gömlu bankanna og einnig Nýja Kaupþings.

Ekki er fyrirséð á þessari stundu hvort þessi mál endi fyrir dómstólum. Lífeyrissjóðirnir lögðu fram sáttaboð í lok síðasta árs sem gerði ráð fyrir skuldajöfnun vegna skuldabréfa og greiðslu mismunar sem miðar við stöðu neikvæðra samninga og opinberrar gengisvísitölu sem var 175 við fall bankanna 7. til 9. október sl. Tekið skal fram að skuldajöfnum nýtist ekki nema að hálfu leyti að meðaltali þar sem ekki fer allstaðar saman að sjóðir séu með gjaldmiðlasamninga og skuldabréf í sama bankanum. Engu að síður skiptir skuldajöfnum miklu og Alþingi samþykkti nú í þinglok breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem gerir skuldajöfnun auðveldari en í eldri lögum. Í ársreikningum lífeyrissjóða og atvinnufyrirtækja sem voru með gjaldmiðlasamninga í gömlu bönkunum er nær alls staðar miðað við stöðu þeirra við fall bankana og gengisvísitöluna 175. Jafnframt gera stjórnir og endurskoðendur sjóðanna og fyrirtækjanna grein fyrir þeim ágreiningi sem uppi er um gildi þessara samninga.

Frá því í mars sl. hafa átt sér stað viðræður fulltrúa eins lífeyrissjóðs við fulltrúa skilanefndar Landsbanka Íslands. Varð að ráði í upphafi þeirra viðræðna að valinn skyldi ákveðinn lífeyrissjóður og látið á það reyna hvort hægt væri að lenda uppgjöri með ásættanlegum hætti fyrir sjóðina. Ekki sér enn fyrir endann á þessum viðræðum og allt eins líklegt að þessi mál endi fyrir dómstólum frekar en með ásættanlegu samkomulagi fyrir lífeyrissjóðina.

Það er mjög mikilvægt fyrir alla aðila að hægt verði að ljúka þessum málum sem fyrst. Óvissan gerir lífeyrissjóðunum mjög erfitt fyrir varðandi nákvæma útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu þeirra og illfært fyrir þá að koma að stofnun og fjármögnun Endurreisnarsjóðs Íslands sem er mikilvægur liður í uppbyggingu íslensks atvinnulífs.

Samspil bóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóðanna.

Af öðrum málum sem LL hefur komið að er viðræður við fulltrúa Tryggingastofnunar um að draga úr gagnkvæmum skerðingum bóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóðanna. Þessar viðræður voru vel á veg komnar í september sl., en vegna gjörbreyttra aðstæðna í fjármálum hins opinbera hefur reynst nauðsynlegt að nálgast málið með öðrum hætti. Við kostnaðarmat á tillögum LL kom í ljós að um verulegan kostnaðarauka yrði að ræða hjá Tryggingastofnun, næðu þær tillögur fram að ganga óbreyttar. Þá hafa þau sjónarmið verið reifuð af hálfu fulltrúa LL að lífeyrissjóðirnir gætu ekki tekið á sig þann kostnaðarauka, sem fælist í því að hætta að taka tillit til bóta almannatrygginga nema að séð yrði að starfsendurhæfingarúrræði skiluðu sér til verulegri lækkun á örorkubyrði sjóðanna og að tryggt yrði að Tryggingastofnun tæki upp frítekjumark á bætur lífeyrissjóðanna. Nú eru líkur á því að nefnd sem er að vinna að endurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar muni leggja til 360.000 kr. frítekjumark á allar lífeyrissjóðatekjur. Umræður um samspil bóta lífeyrissjóðanna og almannatrygginga munu halda áfram á næstu vikum og er þess að vænta að viðunandi bráðabirgðalausn geti náðst mjög fljótlega.

Fjölgun öryrkja og stofnun Starfsendurhæfingarsjóðs.

Ein af afleiðingum efnahagskreppunnar og aukins atvinnuleysis er fjölgun öryrkja. Tilgangur með stofnun og starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er að finna leiðir til að draga úr fjölgun öryrkja með markvissari úrræðum í endurhæfingarmálum í samvinnu við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins. Starfsendurhæfingarsjóður hefur nýlega hafið starfsemi og sama gildir um miðstöðvar á höfðuborgarsvæðinu og senn í stærstu byggðarlögum í öllum landshlutum. Gert er ráð fyrir fjárhagslegri aðkomu flestra lífeyrissjóða að verkefninu í ársbyrjun 2010.

Eignir sjóðanna eru 112% af landsframléiðslu.

Heildareignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins sem hlutfall af landsframléiðslu eru meðal þeirra hæstu í heimi þrátt fyrir hrun fjármálakerfisins og gríðarlegra erfiðleika sem hafa fylgt í kjölfarið. Nú er áætlað er hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna hafi numið 112% af vergri landsframléiðslu í árslok 2008 og hafi fallið úr 130% af sömu viðmiðum árið áður. Viðbúið er að þær þjóðir sem hafa toppað með Íslendingum í heildareignum í lífeyrissjóðakerfum hafi einnig orðið fyrir svipuðum áföllum.

Gjörbreyttar aðstæður hafa kallað á stórauðna starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða.

Landssamtök lífeyrissjóða stóðu fyrir fjölmörgum fundum á starfsárinu, en mesti þunginn í fundarhöldum hefur tengst hrúni viðskiptabankanna, gjaldmiðlavarnarsamningum, breytingu á lögum um starfsemi lífeyrissjóða, tímabundinni útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar og fjárfestingatækifærum lífeyrissjóða við gjörbreyttar og þrengri aðstæður á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Í þessari ræðu verður ekki vikið sérstaklega að verðtryggingu fjárskuldbindinga sem er þó meginstöðin í öllum skuldbindingum og lífeyrisgreiðslum sjóðanna.

Í samstarfsamningi nýrrar ríkisstjórnar er vikið að verðtryggingu með breytingar í huga á næstu misserum. Það er mál sem lífeyrissjóðirnir eiga að fylgjast náið með og koma að með beinum

hætti. Þá eru aðildarviðræður Íslands við ESB komin á dagskrá hjá nýrri ríkisstjórn og sama gildir um íslensku krónuna og hugsanlega upptöku Evru með eða án inngöngu landsins í ESB. Upptaka annars gjaldmiðils í stað krónunnar, sem gæti með tíð og tíma leitt til þess að verðtrygging skuldbindinga leggjast af, er gríðarlega stórt mál fyrir lífeyrissjóðina. Það verður því verðugt verkefni fyrir nýja stjórn LL að kalla til sérfræðinga og framkvæma ýtarlega úttekt á stöðu lífeyrissjóðanna verði tekinn upp annar gjaldmiðilinn á Íslandi á næstu misserum eða árum.

Umræðan í þjóðfélaginu við þessar gjörbreyttu aðstæður í þjóðfélaginu hefur ekki alltaf verið auðveld fyrir lífeyrissjóðina. Allt þjóðfélagið varð fyrir gríðarlegu höggi þegar tæplega 90% fjármálakerfisins hrundi á nokkrum sólarhringum fyrir rúmlega sjö mánuðum. En enginn er eyland á þessum erfiðu tímum. Það ríkir nú alþjóðleg efnahags- og fjármálakreppa.

Lífeyrissjóðirnir hafa orðið fyrir þungbæru höggi á sama hátt og lífeyrissjóðir í öðrum löndum. Það hjálpar okkur mikið að fjárfestingastefna lífeyrissjóðanna kveða á um mjög dreifða samsetningu þeirra fjármuna sem mynda lífeyrissjóðina. Eftir nokkur góð ár sló alvarlega í bakseglin og raunávöxtun sjóðanna er undir 3,5%, hvort sem miðar er við 5 ára eða 10 ára meðaltal, en er þó yfir 3,5% ef miðað er við tímabilið frá 1991 til 2008. Íslenska lífeyrissjóðakerfið er áfram í fremstu röð í heiminum og við höfum alla burði til þess að vinna okkur úr vandanum á næstu árum.

Öflugar upplýsinga- og fræðslusíður hjá lífeyrissjóðum.

Landsamtök lífeyrissjóða halda úti öflugri upplýsingasíðu og sama gildir um marga lífeyrissjóði, Þá halda fræðslusíðunni gott að vita.is þar sem fram koma handhægar upplýsingar fyrir sjóðfélaga á nokkrum tungumálum. Nýlega var bætt við þremur kynningarmyndböndum og varpað fram spurningunum: Í fyrsta lagi: Hvers vegna greiðum við í lífeyrissjóð? Í öðru lagi: Hvers vegna viðbótarlífeyrissparnaður?, og í þriðja lagi: Er íslenska lífeyrskerfið eitt það besta í heiminum?

Samkomulag um greiðsluferfiðleika og greiðslujöfnun á fasteignaveðlánum.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa fyrir hönd aðildarsjóða sinna gerst aðilar að samkomulagi um úrræði vegna greiðsluferfiðleika og ennfremur að samkomulagi vegna greiðslujöfnunar á fasteignaveðlánum. Það er fullur vilji lífeyrissjóðanna að ganga eins langt og mögulegt er til að koma til móts við sjóðfélaga í greiðsluferfiðleikum, þ.á.m. með skuldbreytingu vanskila, frestun á greiðslum og lengingu lántíma. Sem betur fer buðu lífeyrissjóðirnir aldrei upp á gengistryggð fasteignaveðlán, eins og viðskiptabankarnir og því er vandinn gagnvart sjóðfélagalánunum mun minni en hjá þeim lántakendum sem glöptust á að taka gengistryggð fasteignaveðlán.

Nýjar samskipta og siðareglur lífeyrissjóða.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða ákvað í marsmánuði s.l. að skipa vinnuhóp til að fjalla um samskipta- og siðareglur lífeyrissjóða. Vinnuhópurinn hefur nú samið tillögur að slíkum reglum sem lífeyrissjóðir getu haft til hliðsjónar er þeir ákveða skipan eigin mála, en nokkrir sjóðir hafa verið með slíkar um nokkurt skeið. Vinnuhópurinn kaus að hafa reglurnar stuttar og afmarkaðar við tiltekið svið í starfsemi sjóðanna, en lét stjórnunum sjóðanna eftir að auka við þær eða breyta ef þurfa þykir. Reglurnar beinast að samskiptum við þjónustuaðila en ekki að eiginleikum fjárfestinganna. Þess er að vænta að þessar reglur geta komið að góðum notum og orðið lífeyrissjóðunum eins konar vegvísir að bættum samskipta- og siðareglum.

Lokaorð.

Fyrir réttum 40 árum nánar tiltekið þann 19. maí 1969 voru undirritaðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði, sem fólu meðal annars í sér stofnun lífeyrissjóða með aðildarskyldu og sjóðssöfnun. Fyrir þann tíma höfðu verið starfandi nokkrir starfstengdir lífeyrissjóðir um nokkurt árabil. Stofnun almennra lífeyrissjóða fyrir fjórum áratugum hefur reynst öllu samfélaginu mikið framfaraspor. Hefur starfsemi þeirra ásamt þeim lífeyrissjóðum sem fyrir voru margsannað gildi sitt og hafa Íslendingar verið í fararbroddi meðal þjóða í starfsemi lífeyrissjóða. Við finnuð það sjaldan eða aldrei betur en einmitt núna í öllum þeim erfiðleikum sem íslensk þjóðfélag gengur nú í gegnum.

Það er ástæða til að þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem með einum eða öðrum hætti komu að uppbyggingu íslenska lífeyrissjóðakerfisins fyrir 40 árum og þeim sem á undan fóru.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka þeim fjölmörgu aðilum sem komið hafa að starfsemi Landsamtaka lífeyrissjóða á þeim miklu umbrotatímum sem gengið hafa yfir íslenskt samfélag. Þar eiga í hlut auk stjórnar LL fjölmargir framkvæmdastjórar lífeyrissjóða, og sérfræðingar stærstu sjóðanna. Þá höfum við leitað til sérfræðinga innan og utan lífeyrissjóðanna varðandi lögfræðileg málefni, gjaldmiðlavarnasamninga og almannatengsl.

Nú láta tveir stjórnarmenn og einn fulltrúi varastjórn af störfum í stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða vegna breytinga á starfsvettvangi. Eru það þau Þórunn Sveinbjörnsdóttir, sem setið hefur í stjórn frá stofnun samtakanna fyrir rúmlega 10 árum, Gunnar Páll Pálsson sem kom í stjórnina árið 2007 og Sigurbjörg Björnsdóttir sem tók sæti í varastjórn árið 1998 við stofnun LL. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka þeim fyrir innilega fyrir samstarfið.

Að endingu þakka ég Hrafni Magnússyni framkvæmdastjóra, samstarfsfólki í lífeyrissjóðum og stjórn Landsamtaka lífeyrissjóða fyrir mjög gott samstarf á starfsárinu, oft við mjög erfiðar aðstæður.

Við skulum vona að það verði öllu léttara yfir okkur að ári liðnu.

Arnar Sigurmundsson,